

Menningarmiðstöð Hornafjarðar


Fornleifar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á Hólabrekku Mýrum í Hornafirði

Fornleifaskráning 2016

Vala Garðarsdóttir
Sigríður G Björgvinsdóttir

Desember 2016





Kort 1. Deiliskipulagsuppráttur af bæjarhláði Hólabrekku á Mýrum Hornafirði. (Heimild: Skipulagssvið Sveitafélags Hornafjarðar, 2016).

Inngangur

Hólabrekka á Mýrum er sögð vera ein af mörgum bújörðum er tilheyrðu hinum svo kölluðum Holtabæjum. Vitað er að margbýlt hefur verið á Holtum en heimildir um Hólabrekku eru rýrar og upphaf þess sem bújörð á nítjándu öld eru á reiki (Örn.skrá SE. 8). Talið er þó að jörðin hafi allavega verið sjálfsábúð í bændaeign frá 1836. Hólabrekku er fyrst getið í manntali frá 1910 og elsta túnakort er frá 1918. Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu (1972) segir að landverð jarðarinnar hafi verið 4500 kr árið 1922.

Farið var á vettvang 1. desember 2016 og svæðið tekið út af fornleifafræðingi.

Framkvæmdasvæðið

Samkvæmt deiliskipulagi (sjá kort 1) er fyrirhugað að reisa gistihús, smáhýsi og hreinsivirki, ásamt öðrum mannvirkjum sem þeim fylgja við núverandi bæjarstæði Hólabrekku en framkvæmdasvæðið nær yfir bæði yngra og eldra bæjarstæði (sjá kort 2). Fyrrum stóðu bæjarhúsin rétt austan við núverandi íbúðarhús (sjá punkt 1 á korti 2 og myndir 1-2). Árið 1967 var bærinn fluttur vestar á holtið og nýtt íbúðarhús reist en gömlu bæjarhúsin felld og sléttað var yfir. Núverandi bæjarstæði er utan þess sem skráð er.

Innan þessa framkvæmdasvæðis eru einnig skráðar minjar sem ekki eru friðaðar né skilgreindar sem fornminjar. Um er að ræða uppistandandi hús á eldra bæjarstæði þar sem eldsmiðurinn Sigurður Filippusson bjó til dauðadags 1989 (sjá punkt 2 á korti 2 og mynd 1). Húsið er reist á árunum 1945 – 1950 og því ekki friðlýst samkvæmt húsafriðunarlögum en hefur menningarsögulegt gildi sem slíkt fyrir Hornafjörð.

Á vesturjaðri framkvæmdasvæðisins (sjá punkt 3 á korti 2 og mynd 3) er lágrest mannvirki sem virðist við fyrstu sýn vera ungt eða ekki eldra en 1900. Hlutverk þess er óþekkt en líklegt þykir að hér sé um að ræða áhalda- og/eða vélageymslu.

Upp við nyrðri gáfl hlöðunnar sem staðsett er á vesturhluta framkvæmdasvæðisins eru tvær grjóthleðslur er liggja samhliða (sjá punkt 4 á korti 2 og mynd 4). Aldur þeirra og tilgangur er óþekktur en líklegt þykir að þarna sé um að ræða stuðningsveggi fyrir aðkomu að hlöðu.

Niðurstaða

Eins og ofar greinir eru heimildir um upphaf búsetu að Hólabrekku heldur rýrar en jörðin þó talin í bændaeign frá 1836, samb. Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu og Örnefnaskrá. eru því engar vísbendingar um að eldra bæjarstæði Hólabrekku geymi minjar sem eru eldri en það.

Sjá hér að neðan kort 2: afstaða minja við framkvæmdasvæðið.



Kort 2. Skráðar minjar á bæjarhlaði Hólabrekku á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Svartur rammi afmarkar skipulagssvæðið samkvæmt uppdrætti af korti 1. Rauður hringur sýnir eldra bæjarstæðið.

stærð og umfang þess er áætlað samkvæmt heimildum sem fyrir liggja. Rauðir punktar sýna staðsetningu minja innan skipulagssvæðis.



Mynd 1. Hús Sigurðar Filippussonar, horft til austurs. (Ljósm. SGB, okt. 2016).



Mynd 2. Eldra bæjarstæði Hólabrekku, hús Sigurðar Filippussonar vestan við eldri bæjarhúsin, horft til norðausturs. (Ljósm: Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, á.á.).



Mynd 3. Mannvirki við vesturjaðar framkvæmdasvæðis. Horft til norðurs. (Ljós. SGB, okt. 2016).



Mynd 4. Grjóthleðsla sem liggur upp að norðurvegg hlöðunnar. Horft til austurs. (Ljós. SGB, okt. 2016).

Heimildir:

Kristján Benediktsson (1972). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, II. bindi, Mýrar og Suðursveit*, bls. 46-67. Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó.

Loftmyndir ehf (2012).

Sigurður Hannesson. (2016, 20. September). Viðtal höfunda við Sigurð Hannesson um eldra bæjarstæði Hólabrekku.

Stefán Einarsson (á.á.). *Örnefnaskrá, Holtar – 1-11*. Heimildarmenn: Halldór Sæmundsson og Sigríður Halldórsdóttir. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sveitafélagið Hornafjörður (2016). Hólabrekka í Sveitarfélaginu Hornafirði. Deiliskipulag. Sótt 2. desember 2016 af:
http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Holabrekka_DSK.PDF

Túnakort frá 1918, Þjóðskjalasafn Íslands.